

Fundargerð 510

Fimmtudaginn 28. júlí 2022 kom stjórn Byggðastofnunar saman til fjarfundar. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Magnús B. Jónsson (MBJ) formaður, Gunnar Þorgeirsson (GP), Halldóra Kristín Hauksdóttir (HKH), Jónína Björk Óskarsdóttir (JBÓ), Karl Björnsson (KB), María Hjálmarsdóttir (MaH) og Óli Halldórsson (ÓH). Auk þeirra sátu fundinn Arnar Már Elíasson (AME) settur forstjóri, Sigríður Elín Þórðardóttir (SEP) forstöðumaður þróunarsviðs, Þorkell Stefánsson (PS) sérfræðingur á þróunarsviði og Magnús Helgason (MH) forstöðumaður rekstrarsviðs sem jafnframt ritaði fundargerð.

Formaður setti fund kl. 15:06

Á dagskrá er umsögn stjórnar um drög að frumvarpi dómsmálaráðherra til laga um sýslumann.

1. Umsögn um drög að frumvarpi dómsmálaráðherra til laga um sýslumann

Fyrir fundinum liggur tillaga að umsögn stjórnar um drög að frumvarpi dómsmálaráðherra til laga um sýslumann sem birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda. Einnig liggur fyrir fundinum erindi frá dómsmálaráðuneytinu til Byggðastofnunar þar sem óskað er eftir aðkomu stofnunarinnar að staðarvalsgreiningu fyrir aðsetur sýslumannsins og eftir atvikum hluta yfirstjórnar, miðað við þau áform og forsendur sem gerð er grein fyrir í erindinu.

Formaður fór yfir fyrirliggjandi drög að umsögn og óskaði eftir ábendingum annarra stjórnarmanna.

Stjórn samþykkir fyrirliggjandi drög að umsögn við frumvarpi til laga um sýslumann með áorðnum breytingum og felur forstjóra að senda hana inn í samráðsgátt stjórnvalda.

ÞS kom á fundinn og kynnti drög að staðarvalsgreiningu stofnunarinnar og þá aðferðafræði sem notuð var við þá vinnu.

Allir stjórnarmenn tóku þátt í umræðum auk AME og SEP.

Fleira ekki gert og sleit formaður fundi kl. 16:25

Magnús Helgason, fundarritari

Magnús B. Jónsson

Gunnar Þorgeirsson

Halldóra Kristín Hauksdóttir

Jónína Björk Óskarsdóttir

Karl Björnsson

María Hjálmarsdóttir

Óli Halldórsson